

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um reglur um visthæfar bifreiðar


Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að reglur um bifreiðar sem eiga rétt á visthæfum skífum verði ekki endurnýjaðar þegar þær renna út í árslok 2022.

Greinargerð

Fyrstu reglurnar um visthæfar skífur tóku gildi árið 2007 þegar bifreiðum sem uppfylltu ákveðin skilyrði varðandi CO2 losun fengu rétt til að leggja bifreiðum sínum í gjaldskyld stæði í 90 mínútur án endurgjalds. Reglurnar hafa verið uppfærðar reglulega síðan. Þegar fyrstu reglurnar um visthæfar bifreiðar voru settar höfðu einnig bensín- og díselbílar rétt á skífunum ef þeir losuðu minna en 120g/km af CO2. Nú hafa eingöngu bifreiðar rétt á visthæfum skífum sem hafa skráða lengd minni en 5 m og ganga annað hvort eingöngu fyrir rafmagni eða ganga fyrir vetni.

Þegar reglurnar voru settar var hlutfall visthæfra bíla mun minna en nú og hlutfall rafmagnsbíla afar lágt. Með tímanum hefur fjöldi bíla sem gengur fyrir rafmagni eða endurnýjanlegum orkugjöfum fjölgað til muna. Visthæfar skífur höfðu það markmið að búa til hvata fyrir íbúa til að ferðast um á vistvænni ökutækjum. Í dag er fjöldi ökutækja sem ganga fyrir rafmagni orðinn það mikill að ekki er lengur talin þörf fyrir þessari ívilnun. Því er eðlilegt að þessi ökutæki greiði fyrir afnot af borgarlandi líkt og önnur ökutæki og að það stjórnþæki sem gjaldskylda bílastæða er nái einnig til bifreiða sem ganga fyrir rafmagni eða vetni .

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri



Nýskráningar fólksbífraiða (M1) flokkað eftir orkugjafa ökutækis 14.10.2018-13.10.2022
(heimild: <https://bifreidatolur.samgongustofa.is/#/tolfraedi>)